

Atli Harðarson

Heimspekirit Kristjáns Kristjánssonar

Árið 1996 gaf háskólaforlagið í Cambridge út bók eftir Kristján Kristjánsson sem heitir *Social Freedom: The Responsibility View*. Alla tíð síðan hefur heimspeki hans notið sívaxandi áhlits og virðingar í alþjóðlegum fræðaheimi. Þessi fyrsta bók Kristjáns sem út kom á ensku er raunar orðin það þekkt að vitnað er til hennar í kafla um frelsishugtakið í *Stanford Encyclopedia of Philosophy*¹ og kaflar úr henni eru teknir upp í nýlegu safnríti um frelsi sem út kom hjá Blackwell bókaútgáfunni.²

Frá því *Social Freedom: The Responsibility View* kom út hefur Kristján sent frá sér þrjár aðrar bækur á ensku og enn ein er á leiðinni. Einnig hefur hann ritað þrjár bækur á íslensku og þýtt *Undirstöður reikningslistarinnar* eftir Gottlob Frege (1848–1925) úr þýsku. Listi yfir bækur Kristjáns fer hér á eftir.

- *Þroskakostir*, Reykjavík: Rannsóknarstofnun í siðfræði, 1992.
- *Social Freedom: The Responsibility View*, Cambridge: Cambridge University Press, 1996.
- *Aftvennu illu: Ritgerðir um heimspeki*, Reykjavík: Mál og menning, 1997.
- Þýðing á bókinni *Undirstöður reikningslistarinnar [Die Grundlagen der Arithmetik]* eftir Gottlob Frege, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1998.
- *Justifying Emotions: Pride and Jealousy*, London: Routledge, 2002.
- *Mannkostir*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2002.
- *Justice and Desert-Based Emotions*, Aldershot: Ashgate Publishing, 2006.
- *Aristotle, Emotions, and Education*, Aldershot: Ashgate Publishing, 2007.
- *The Self and Its Emotions*, Cambridge: Cambridge University Press, væntanleg 2010.

Auk þessara bóka hefur Kristján samið fjölda greina sem birst hafa í fræðilegum safnrítum og heimspekítímaritum³ og er með afkastamestu höfundum sem rita um heimspeki menntunar á ensku.

Kristján fæddist í Hveragerði í júlí árið 1959. Foreldrar hans eru Kristján Einarsson frá Djúpalæk og Unnur Friðbjarnardóttir. Hann lauk BA prófi í heimspeki og þýsku frá Háskóla Íslands árið 1983, MA prófi í heimspeki frá Háskólanum í St. Andrews í Skotlandi árið 1988 og doktorsprófi í heimspeki frá sama skóla árið 1990. Eftir BA próf kenndi Kristján við Menntaskólann á Akureyri en eftir að hann lauk doktorsnámi var hann ráðinn að

¹ *Stanford Encyclopedia of Philosophy* er aðgengileg á vefnum <http://plato.stanford.edu/>. Tilvísunin sem umræðir er undir fyrirsögninni „Positive and Negative Liberty.“

² *Freedom: A Philosophical Anthology* (ritstjórar Ian Carter, Matthew H. Kramer og Hillel Steiner), Oxford: Blackwell, 2006.

³ Greinar hans hafa til dæmis birst í tímaritunum: *American Philosophical Quarterly*, *Cambridge Journal of Education*, *Ethics*, *International Journal of Applied Philosophy*, *International Philosophical Quarterly*, *Journal of Moral Education*, *Journal of Philosophical Research*, *Journal of Philosophy of Education*, *Journal of Social Philosophy* og *Journal of Theoretical Politics*. Lista yfir öll útgefin rit Kristjáns er að finna á vefsíðunni <http://skrif.hi.is/kk9/>.

Háskólanum á Akureyri. Hann fékk stöðu prófessors þar 1997 en hvarf þaðan í fyrra og er nú prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Í því sem hér fer á eftir verður sagt í örstuttu máli frá bókum Kristjáns.

*

Bækurnar sem komið hafa út á íslensku – *Þroskakostir*, *Af tvennu illu* og *Mannkostir* – eru ritgerðasöfn. Mestallt efni þeirra hafði áður birst í blöðum og tímaritum. Þær eru ætlaðar almenningi fremur en sérfræðingum þótt þær fjalli að nokkru leyti um sömu viðfangsefni og rit sem Kristján hefur samið á ensku fyrir sérhæfðari lesendahóp.

Það af efni þessara íslensku bóka sem mesta athygli hefur vakið er líklega röð tíu greina um póstmódernisma sem birtust fyrst í Lesbók Morgunblaðsins árið 1997 og eru endurprentaðar í *Mannkostum*. Í þessum greinum fer Kristján hörðum orðum um franska tískuheimspeki af sauðahúsi Foucault, Derrida og Baudrillard og lýsir henni sem hrærigraut af bulli og vitleysu. Þetta fór, eins og margir muna, illa í nokkra héraðsmenntamenn sem vildu í senn vera róttækir og fylgja Parísartísku. Mig grunar að sumir hafi ekki enn tekið Kristján í sátt eftir þetta og kannski á það einhvern þátt í því að frekar lítið hefur verið fjallað um skrif hans í íslenskum fjölmiðlum. Áratug seinna fór annar íslenskur menntamaður mun harðari orðum og póstmóderníska tískuspeki þegar Einar Már Jónsson ritaði *Bréf til Maríu* (Reykjavík: Ormstunga, 2007). Það vakti engan veginn eins hörð viðbrögð og skrif Kristjáns og skýrist það kannski af því að á þeim tíu árum sem liðu á milli höfðu allmargir gert sér grein fyrir að þessi speki, sem Kristján leyfði sér að hafna meðan hún var hvað mest í tísku, var aðallega innantóm mælgí.

Greinarnar tíu um póstmódernismann voru ögrandi. Þær voru skrifaðar sem ádrepur fremur en fræðilegar greinar. Sumt annað í skrifum Kristjáns á íslensku er ritað í stíl fræðimannsins og margt af því efni skarast við það sem hann hefur ritað á ensku. Eigi að velja einhverjar greinar úr og telja þær öðrum betri eða merkari finnst mér að þar á meðal ættu að minnsta kosti að vera: *Nytjastefnan* (1992: s. 71–98); *Um geðshræringar* (1997: s. 63–94); *Að kenna dygð* (1997: s. 219–234); *Lífsleikni í skólum* (2002: s. 50–80) og *Stórmennska* (2002: s. 81–116). En kannski er vitleysa að velja svona úr. Til að kynnast hugsun Kristjáns er best að lesa bækur hans á íslensku frá upphafi til enda. Þær eru afar læsilegar og í þeim kynnist lesandinn rökföstum og skeleggum talsmanni nytjastefnu í siðfræði, mannskilnings sem byggir á siðfræði Aristótelesar og gilda sem oft eru kennd við upplýsingastefnu, veraldarhyggju og vísindalega hugsun.

Áhrif nokkurra sígilda heimspekirita eru augljós í skrifum Kristjáns og má þar helst nefna *Siðfræði Níkomakkosar* eftir Aristóteles (384–322 f. Kr.) og rit eftir John Stuart Mill (1806–1873) um siðfræði.⁴ Fleiri áhrifavalda má telja svo sem skáldið Stephan G. Stephansson (1853–1927). Kristján sækir innblástur í kvæði hans, enda var Stephan G. talsmaður svipaðra hugsjóna og Kristján heldur á lofti: upplýsingar, veraldarhyggju og áherslu á að siðferði grundvallast á tilfinningum, þörfum og hagsmunum sem eru að miklu leyti eins hjá fólki um alla jörð og á öllum tímum.

*

Bókin *Social Freedom: The Responsibility View*, sem kom út 1996, er byggð á doktorsritgerð Kristjáns. Í þessari bók setur hann fram og rökstyður greiningu á frelsishugtakinu – eða því sem hann kallar félagslegt frelsi (social freedom) til aðgreiningar frá frelsi viljans – og skýrir um leið tengsl hugtakanna *frelsi, ábyrgð* og *vald*. Í sem allra stystu máli er kenning Kristjáns sú að manni sé frjálst að gera eitthvað ef engir aðrir menn bera siðferðilega ábyrgð á nokkru því sem hindrar hann í að gera það.

Ein af mörgum áhugaverðum afleiðingum þessarar kenningar um frelsi er að frelsisskerðing og valdbeiting fara alltaf saman. Sá sem beitir mann valdi takmarkar frelsi hans og sá sem takmarkar frelsi manns beitir hann valdi.

Heimspekingar hafa öldum saman tekist á um ólíkan skilning á frelsishugtakinu. Segja má þó að samkomulag hafi verið um að líta svo á að frelsi sé það sem þrælur hafa ekki – það sem þá skortir til að geta lifað góðu lífi. Það er hægt að skoða ólíkar kenningar um frelsi sem ólík svör við spurningunni: *Hvað er slæmt við hlutskipti þrælsins?*

Þessi svör má flokka á ýmsa vegu en nokkur hefð er á að skipta flestum þeirra í tvo flokka: Kenningar um jákvætt frelsi og kenningar um neikvætt frelsi. Jákvæðu kenningarnar kveða á um að til að vera frjáls þurfi maður að gera eitthvað eða hafa eitthvað tiltekið, t.d. að móta líf sitt í samræmi við sína eigin skynsemi eða vera fullgildur aðili að lýðræðislegum ákvörðunum um málefni samfélagsins. Neikvæðu kenningarnar kveða hins vegar á um að til að maður sé frjáls dugi að hindranir af einhverju tagi séu ekki til staðar.

⁴ *Siðfræði Níkomakkosar* hefur komið út í íslenskri þýðingu Svavars Hrafn Svavarssonar og er eitt af Lærdómsritum Bókmenntafélagsins (Reykjavík 1995). Í sömu ritröð hafa einnig komið út þrjú af mikilvægustu ritum J. S. Mill um siðfræðileg efni en þau eru: *Frelsið* í þýðingu Jóns Hnefils Aðalsteinssonar og Þorsteins Gylfasonar (Reykjavík 1970, 1978); *Kúgun kvenna* í þýðingu Sigurðar Jónssonar (Reykjavík 1997, 2003) og *Nytjastefnan* sem var þýdd af Gunnari Ragnarssyni (Reykjavík 1998).

Orðalagið „neikvætt frelsi“ mun upprunnið hjá Jeremy Bentham (1748-1832) sem sagði að frelsi væri neikvætt hugtak því það fæli ætíð í sér að eitthvað væri ekki fremur en að eitthvað væri, nánar tiltekið að hindrun eða tálmi væri ekki til staðar. Nú til dags er greinarmunur á jákvæðu og neikvæðu frelsi þekktastur af ritgerð eftir Isaiah Berlin (1909–1997) sem heitir *Two Concepts of Liberty*.⁵

Frakkinn Benjamin Constant (1762–1830) gerði svipaðan greinarmun þegar hann talaði annars vegar um frelsi fornanna og hins vegar um frelsi nútímamanna. Hið fyrrnefnda, sem svipar til jákvæðs frelsis, kvað hann felast í því að vera fullgildur þátttakandi í æðstu stjórn ríkisins en „frelsi nútímamanna“ tengdi hann borgaralegum réttindum – að allir megi tjá skoðanir sínar, velja sér starf, verja eignum sínum að vild og fara hvert sem er án þess að biðja nokkurn mann leyfis.

Með allnokkurri einföldun má segja að frjálshyggjumenn og frjálslýndir hægri menn hallist upp til hópa að svipuðum skilningi á frelsi og Benjamin Constant tengdi við nútímamann og Bentham lýsti svo að hindrun eða tálmi væri ekki til staðar. Með greiningu sinni skipar Kristján sér í raðir þeirra sem hugsa á þessum nótum og fágær og fullkomnar skilgreiningu á félagslegu frelsi sem fjarveru hindrana af ákveðnu tagi, þ.e. hindrana sem aðrir bera siðferðilega ábyrgð á.

Til að skýra þessa kenningu má taka sem dæmi að ef veiðimaður á norðurslóðum býr við fátækt vegna þess að illviðri hamla veiðum þá er hann bara óheppinn en enginn hefur skert frelsi hans. En ef þeim sem selja loðskinn er hótad öllu illu og hann kemur afurðum sínum ekki í verð vegna þess, þá bera aðrir ábyrgð á að hann býr við slæm kjör og getur þar af leiðandi ekki gert ýmislegt sem honum ella væri kleift. Í slíku tilviki er frelsi hans skert. Fátækt og ýmisleg önnur bágindi geta samkvæmt þessu ýmist falið í sér frelsisskerðingu eða ekki, allt eftir því hvort aðrir menn bera siðferðilega ábyrgð á óláninu eða ekki.

Hindranir sem skerða frelsi manns geta verið af fjölmörgu tagi og stafað bæði af beinum aðgerðum annarra og aðgerðaleyfi, enda bera menn oft ábyrgð á því sem þeir láta ógert ekki síður en því sem þeir gera.

Að einhverjir bera siðferðilega ábyrgð á hindrun jafngildir því að sjálfsögðu ekki að hindrunin sé ranglát eða óréttlætanagerleg. Ef lögreglan handjárnar mann eða læsir inni í fangaklefa þá er frelsi hans skert með athöfnum sem lögreglan ber ábyrgð á. En hafi

⁵ Stytt útgáfa af þessari ritgerð er til í íslenskri þýðingu Róberts Víðis Gunnarssonar í bókinni *Heimspeki á tuttugustu öld* (ritstjórar Einar Logi Vignisson og Ólafur Páll Jónsson), Reykjavík: Mál og menning, 1994.

viðkomandi til dæmis skaðað aðra menn eða ógnað þeim þá kann athæfi lögreglunnar að vera réttmætt. Að bera siðferðilega ábyrgð á verknaði jafngildir ekki sekt nema umræddur verknaður sé illur eða óréttlætanlegur.

Social Freedom: The Responsibility View er merkilegt framlag til stjórnmálaheimspeki. En síðan sú bók kom út hefur Kristján fremur lítið fengist við þá grein heimspekinnar en haldið sig að mestu við siðfræði og heimspeki menntunar.

*

Í *Justifying Emotions: Pride and Jealousy*, sem út kom árið 2002, fjallar Kristján um geðshræringar. Umfjöllun hans byggist á kenningu sem á ensku eru kölluð *the cognitive model of emotions* og mætti kalla *vitsmunakenningu um geðshræringar* á íslensku.⁶ Samkvæmt henni eru geðshræringar eins og reiði, þakklæti, afbrýðisemi og samúð ekki aðgreindar frá vitsmunum manna, skoðunum og hugsunum heldur samofnar þeim. Raunar fela geðshræringar ævinlega í sér einhvers konar skoðun, hugsun eða viðhorf. Það er til dæmis engin leið að vera þakklátur manni nema hafa þá skoðun eða hugsa þá hugsun að hann hafi gert eitthvað gott og varla get ég verið afbrýðisamur nema álíta að öðrum manni sé veitt eitthvað sem mér sjálfum ber eða á skilið að fá.

Með þessari kenningu er því ekki hafnað að geðshræringar séu meira en einberar skoðanir eða hugsanir. Þær fela að jafnaði líka í sér tilfinningu og löngun eða hneigð til að breyta með tilteknum hætti. Þakklæti fylgir til dæmis löngun eða hneigð til að umbuna þeim sem þakklætið beinist að.

Hér hef ég reynt að skýra í örstuttu máli þann fræðilega bakgrunn sem Kristján byggir á í *Justifying Emotions*. Rökfærslan í bókinni snýst um að verja geðshræringar sem oft eru taldar neikvæðar, eins og afbrýðisemi, gegn ásökunum um að þær séu siðferðilega ámælisverðar, óskynsamlegar eða eitthvað þaðan af verra.

Vissulega geta geðshræringar verið óskynsamlegar og gengið út í alls konar öfgar og þetta hefur fengið suma til að álíta að best sé að útrýma öllum „neikvæðum“ geðshræringum eins og t.d. reiði og afbrýðisemi.

En á reiði ekki stundum rétt á sér? Er sá sem ekki finnur til neinnar reiði þegar hann sér lítilmagna misþyrmt, eða saklausan hafðan fyrir rangri sök, ekki mannleysa og gauð? Er ekki réttara að álasa slíkum manni fyrir skapleysi en hrósa honum fyrir skapstillingu?

⁶ Kristján notar þetta orðalag í áður nefndri grein sinni um geðshræringar í ritgerðasafninu *Aftvennu illu*.

Ef einhver reiðist í hæfilegum mæli og undir kringumstæðum þar sem reiði á við, þá er reiðin ekki ámælisverð heldur hluti af því að vera heill og sannur maður. Sama telur Kristján að eigi við um afbrýðisemi. Láti maður allt yfir sig ganga og finni hann ekki til neinnar afbrýðisemi þótt annar fái til dæmis hrós sem honum ber, þá vantar eitthvað á að hann hafi þá sjálfsvirðingu sem þarf til að bera höfuðið hátt og lifa sem jafningi annarra.

Kenning Kristjáns í *Justifying Emotions* dregur um margt dóm af *Siðfræði Níkomakkosar* eftir Aristóteles enda er sú gamla bók enn höfuðrit í heimspekilegri siðfræði og hafa áhrif hennar mjög farið vaxandi upp á síðkastið.

Skrif Kristjáns um siðfræði eru hluti af þróun innan siðfræði undanfarinna ára þar sem menn leita í auknu mæli til Aristótelesar og taka það upp frá honum að skoða siðferði sem afleiðingu af mannlegu eðli fremur en sem kröfur um að fólk lifi öðru vísi en því er náttúrulegt. Í samræmi við þetta eru viðhorf Kristjáns til siðferðilegra álitamála afar jarðbundin og hann gengur jafnvel nokkuð lengra en flestir fylgismenn Aristótelesar á seinni tímum í því að tengja heimspekilega siðfræði við raunveruleika mannlífsins, því hann hikar ekki við að nýta niðurstöður nýlegra rannsókna í sálfræði og félagsvísindum til að rökstyðja niðurstöður um siðferðileg efni.

Þriðja bókin sem Kristján sendi frá sér á ensku heitir ***Justice and Desert-Based Emotions*** og kom út árið 2006. Þessi bók fjallar um réttlæti sem siðferðilega dygð og er afar merkilegt innlegg í heimspekilega umræðu þar sem viðhorf í anda Aristótelesar eru varin af mikilli þekkingu og rökfimi.

Til að átta sig á mikilvægi þessarar bókar þarf lesandi að hafa í huga að síðan *A Theory of Justice* eftir John Rawls kom út árið 1971 hefur heimspekileg umræða um réttlæti annars vegar einkennst af rökfræðilegum loftfímleikum þar sem menn lýsa réttlætishugtakinu með mjög flóknum kenningum og hins vegar af áherslu á að réttlæti sé einkenni samfélags fremur en einstaklinga. Kristján vísar hvoru tveggja á bug og fjallar um réttlæti og réttlætiskennnd í ljósi venjulegra geðshræringa sem kvikna þegar mönnum finnst eitthvað vera annað hvort verðskuldað eða óverðskuldað. Hann nýtir sér sálfræðilegar rannsóknir á þessum geðshræringum og rökstyður að réttlæti byggist, eins og Aristóteles og fleiri siðfræðingar fornaldar sögðu, fyrst og fremst á jarðbundum hversdagslegum þankagangi sem á sér djúpar ræður í sálarlífi fólks. Samkvæmt kenningu hans er undirstaða alls réttlætis tilhneiging manna til að gleðjast eða fagna þegar sá sem hefur gert öðrum illt fær makleg málagjöld og sá sem hefur lagt eitthvað á

sig til að gagnast öðrum fær umbun, og sambærileg hneigð til að hryggjast eða reiðast þegar skúrkum vegnar vel eða góðir menn verða fyrir mótlæti eða njóta ekki sannmælis.

Nýjasta bók Kristjáns heitir ***Aristotle, Emotions, and Education***. Hún kom út árið 2007. Þessi bók fjallar um tíu bábiljur sem oft er haldið fram um siðfræði Aristótelesar. Jafnframt því sem Kristján leiðréttir ýmislegt sem sagt hefur verið um þessa fornu speki, einkum í skrifum um uppeldis og menntamál, reynir hann að sýna fram á að þeir sem móta skóla- og menntastefnu fyrir börn nútímans geti margt lært af Aristótelesi.

Á næsta ári er væntanleg enn ein bók sem mun heita ***The Self and Its Emotions***. Í henni heldur Kristján áfram rannsóknum á tengslum siðferðis og geðshræringa en undir nýju sjónarhorni þar sem meginefni bókarinnar er sjálfið – hver er kjarni einstaklingsins – um hvaða miðju hverfist það líf sem er mitt eigið? Undanfarin ár hafa margir heimspekingar og félagsvísindamenn lýst sjálfinu sem það sé fyrst og fremst sjálfmynd eða hugmyndir manns og skoðanir um sig sjálfan. Samkvæmt þessum hugmyndum, sem Kristján andmælir, fer það hvað maður er inn við beinið einkum eftir því hvað hann heldur eða álitur að hann sé.

Gegn þessum viðteknu hugmyndum teflir Kristján þeirri kenningu að kjarni mannsins sé tilfinningalíf hans og geðshræringar. Ein afleiðing af þessari kenningu er að menn hafa ekki sjálfðæmi um hverjir þeir eru og þeim getur skjátlást um sitt eigið sjálf, því sálfræðileg sannindi um geðshræringar þeirra eru hlutlæg sannindi en ekki eitthvað sem hver og einn getur spunnið að vild sinni.

*

Kristján Kristjánsson er afar afkastamikill höfundur. Hann er einn örfárra íslenskra fræðimanna sem eru forystu í alþjóðlegu fræðasamfélagi. Verk hans skipta máli fyrir heilan fræðaheim, þ.e. siðfræði, stjórnmálaheimspeki og heimspeki menntunar. Hann kemur víða við í ritum sínum en eigi að nefna eitthvað eitt sem tengir skrif hans og gengur eins og rauður þráður í gegn um þau flest þá er það áhuginn á menntun, siðferðilegu uppeldi og félagsmótun. Þessi áhugi skín alls staðar í gegn svo jafnvel langar rökfærslur og margflókin greining á hugtökum hafa jarðsamband – tengsl við hversdagslegt mannlíf.